

**Ed.** **953. Breytingartillögur** [409. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 3. gr., b-lið (ný 15. gr.).

a. 1. mgr. orðist svo:

Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána en þau skulu háð samþykki iðnaðarráðherra. Við ákvörðun þeirra skal við það miðað að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

b. Í stað síðasta másl. 2. mgr. komi tveir nýir másl. er orðist svo:

Nú fellur greiðsla á Ríkisábyrgðasjóð vegna þess og skal þá miðað við að iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána breytist þannig að deildin geti endurgreitt Ríkisábyrgðasjóði það sem sjóðurinn hefur innt af hendi á næstu tveimur árum. Iðnlánasjóður getur veitt deildinni lán til að gera henni kleift að standa við skuldbindingar sínar.